

Priðjudaginn 23. maí 1989.

Nr. 318/1987. **Hafliði Sævarsson**

(Vilhjálmur Þórhallsson hrl.)

gegn

**félagsmálaráðherra og**

**fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**

(Gunnlaugur Claessen hrl.).

Ríkisábyrgð á launum.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. nóvember 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 2. s.m. samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Dómkröfur hans eru þessar:

„Aðalkrafa: Að felld verði úr gildi ákvörðun félagsmálaráðherra, dagsett 9.6. 1986, um að neita að greiða áfrýjanda vangoldin laun vegna gjaldþrots Eintaks sf. Jafnframt er þess krafist að stefndu greiði fjárkröfu áfrýjanda, kr. 460.788,00, ásamt dómvöxtum skv. l. nr. 56/1979 frá 23.9. 1986 til 14.4. 1987, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu í héraði og fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar.

Til vara: Að stefndu verði dæmdir til þess að greiða sér kr. 305.173,00, ásamt 17% ársvöxtum frá 1.9. 1984 til 1.1. 1985, en með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11.5. s.á., en með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1.3. 1986, en með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 1.4. s.á., en með 8,5% ársvöxtum frá þeim degi til 23.9. s.á., ásamt dómvöxtum frá þeim degi til 14.4. 1987, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar svo sem fyrr greinir.“

Stefndu krefjast aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara, að stefnukröfur verði lækkaðar og málskostnaður látinn niður falla.

## I.

Árni Margeirsson keypti hluta sameiganda síns í Eintaki sf. 4. ágúst 1983 og rak fyrirtækið undir óbreyttu firmaheiti frá þeim tíma. Fyrir skiptarétti kvað hann starfseminni hafa verið að fullu lokið um áramótin 1984-1985.

Í hinum áfrýjaða dómi er gerð grein fyrir viðurkenningu Árna á vinnulaunakröfu áfrýjanda hinn 22. nóvember 1984 og tilraunum áfrýjanda til að fá fullnustu kröfu sinnar, uns bú Árna og Eintaks var tekið til gjaldþrotaskipta 12. nóvember 1985 að kröfu áfrýjanda. Á kröfuskra þrotabúsins var krafa áfrýjanda, höfuðstóll 302.800,00 krónur, vextir 158.754,00 krónur og kostnaður 41.778,00 krónur, samtals 503.332,00 krónur, talin forgangskrafa.

## II.

Er áfrýjandi hóf aðgerðir sínar til innheimtu launakröfu sinnar, voru í gildi lög nr. 31/1974, um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot, en er bú Árna Margeirssonar og Eintaks var tekið til gjaldþrotaskipta, höfðu lög nr. 23/1985, um ríkisábyrgð á launum, öðlast gildi, og komu þau í stað laga nr. 31/1974. Samkvæmt ákvæði 16. gr. laga nr. 23/1985 ber að beita ákvæðum eldri laganna um það hverjar greiðslur njóti ríkisábyrgðar varðandi þær kröfur, sem fallið hafa í gjalddaga fyrir gildistöku yngri laganna, nema reglur þeirra séu þeim, sem kröfu gerir, til hagsbóta. Samkvæmt þessu ber að meta hvort reglur yngri eða eldri laga séu launakrefjanda hagstæðari að þessu leyti. Þegar ákvæði laganna eru borin saman og kröfur áfrýjanda virtar í heild, er ljóst, að ákvæði yngri laganna eru áfrýjanda hagstæðari. Ber því í máli þessu að beita ákvæðum laga nr. 23/1985 um ábyrgð ríkisins á kröfu áfrýjanda.

Ósannað er, að komist hafi á samningur milli Árna Margeirssonar og áfrýjanda um eignaraðild hans að Eintaki, er hann hætti störfum í ágústmánuði 1984.

Þrátt fyrir þau afskipti áfrýjanda af fjármálum fyrirtækisins, sem lýst er í héraðsdómi, þykir varhugavert að telja fram komið, að hann, sem fæddur er 3. ágúst 1965, hafi haft þá yfirsýn yfir fjárhag fyrirtækisins, að honum hafi ekki mátt dyljast að gjaldþrot var yfirvofandi.

Samkvæmt því ber að fella úr gildi ákvörðun félagsmálaráðherra frá 9. júní 1986 um kröfu áfrýjanda.

## III.

Launakrafa áfrýjanda er sundurliðuð þannig:

|                |               |
|----------------|---------------|
| maí 1983       | kr. 7.000,00  |
| júní 1983      | kr. 8.000,00  |
| september 1983 | kr. 27.250,00 |
| október 1983   | kr. 32.500,00 |
| nóvember 1983  | kr. 29.875,00 |
| desember 1983  | kr. 20.375,00 |
| janúar 1984    | kr. 21.000,00 |
| febrúar 1984   | kr. 23.125,00 |
| mars 1984      | kr. 26.000,00 |
| apríl 1984     | kr. 25.125,00 |
| maí 1984       | kr. 26.625,00 |
| júní 1984      | kr. 14.500,00 |
| júlí 1984      | kr. 31.750,00 |
| ágúst 1984     | kr. 9.675,00  |

Samtals kr. 302.800,00

Samkvæmt a-lið 4. gr. laga nr. 23/1985, sbr. 1. og 6. tl. 84. gr. laga nr. 3/1878, sbr. 1. gr. laga nr. 23/1979, bera stefndu ábyrgð á launagreiðslum áfrýjanda fyrir tímabilið 15. febrúar til 15. ágúst 1984, samtals 145.237,50 krónur. Þá nær ábyrgðin, samkvæmt g-lið 1. mgr. 4. gr. laga nr. 23/1985, einnig til sparisjóðsvaxta af þessum launum tímabilið 1. september 1984 til 23. september 1986.

Áfrýjandi höfðaði mál til heimtu kröfu sinnar 28. mars 1985. Þá hafði Eintak hætt störfum. Samkvæmt f-lið 1. mgr. 4. gr. laga nr. 23/1985 verður ábyrgð á kröfu áfrýjanda vegna kostnaðar við innheimtuaðgerðir ekki lögð á stefndu.

Skýra verður ákvæði 2. mgr. 11. gr. laga nr. 23/1985 þannig, að launþega sé heimilt að höfða mál á hendur ríkissjóði til innheimtu fjárhæðar kröfu, sem ábyrgð ríkisins nær til samkvæmt lög-unum.

Við munnlegan flutning málsins í héraði féllu stefndu frá mót-mælum gegn vaxtakröfu áfrýjanda.

Samkvæmt þessu verða úrslit málsins þau, að stefndu verða dæmdir til að greiða áfrýjanda 145.237,50 krónur með vöxtum eins og í dómsorði greinir.

Eftir þessum úrslitum verða stefndu dæmdir til að greiða

áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, 140.000,00 krónur.

### D ó m s o r ð:

Framangreind ákvörðun félagsmálaráðherra 9. júní 1986 er felld úr gildi.

Stefndu, félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði áfrýjanda, Hafliða Sævarssyni, 145.237,50 krónur með 17% ársvöxtum frá 1. september 1984 til 1. janúar 1985, 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí s.á., 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., 9% ársvöxtum frá þeim degi til 23. september s.á., með dómvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags og 140.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. febrúar 1987.

#### 1.0.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi mánu-daginn 2. febrúar 1987, hefur Hafliði Sævarsson nemi, nafnnr. 3502-2198, Fagrararði 10, Keflavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 12. september 1986, á hendur félagsmálaráðherra, Alexander Stefánssyni, f.h. félagsmálaráðuneytisins og Þorsteini Pálssyni fjármálaráðherra f.h. fjármálaráðuneytisins vegna ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru eins og í stefnu segir að felld verði úr gildi ákvörðun félagsmálaráðherra frá 9. júní 1986 þess efnis að neita að greiða stefnanda vangoldin laun vegna gjaldþrots Eintaks sf. Jafnframt er þess krafist að ríkissjóður greiði stefnanda fjárkröfu hans, þ.e. kr. 460.788,00 ásamt dómvöxtum af stefnukröfunni frá þingfestingardegi 23. september 1986 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu stefndu er þess krafist aðallega að þeir verði algerlega sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim til dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins. Til vara er þess krafist að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og í því tilviki verði málskostnaður látinn falla niður.

Við munnlegan flutning málsins skýrði stefnandi kröfu sína svo, að í henni fælist krafa um viðurkenningu á því, að launakrafa sín á hendur Eintaki sf., sú er um ræðir í máli þessu, nyti ríkisábyrgðar samkvæmt ákvæðum laga nr. 23/1985. Jafnframt væri krafist aðfararhæfs dóms á hendur ríkissjóði á grundvelli kröfunnar. Af hálfu stefndu hefur því ekki verið andmælt, að stefnandi geti hagað kröfugerð sinni með þeim hætti, er hér var lýst.

## 2.0.

Forsaga máls þessa er sú að stefnandi réðst til starfa hjá fyrirtækinu Eintaki sf. í Keflavík í maí 1983 og var þar við störf þar til í ágúst 1984. Var það tilætlun hans að gerast meðeigandi Árna Margeirssonar, sem átti fyrirtækið. Skriflegur gerningur var þó aldrei gerður um eignaraðild stefnanda.

Fyrirtæki þetta varð fyrir miklum skakkaföllum í rekstri, einkanlega um mitt ár 1984, og í ágúst það ár hvarf stefnandi frá fyrirtækinu. Hinn 12. nóvember 1985 var bú Eintaks sf. og Árna Margeirssonar tekið til gjaldþrotaskipta, en skiptum þess er enn ekki lokið.

Stefnandi heldur því fram að hann hafi átt vangoldin laun hjá fyrirtækinu, er hann lét þar af störfum. Krefst hann í máli þessu viðurkenningar á því að launakrafa sín njóti ríkisábyrgðar og aðfararhæfs dóms skv. efni kröfunnar. Af hálfu stefndu er því á hinn bóginn haldið fram að stefnandi sé ekki launþegi í skilningi 2. mgr. 3. gr. laga nr. 23/1985. Hann hafi gerst meðeigandi í fyrirtækinu og standi það ásamt öðrum atriðum í vegi kröfugerð hans í máli þessu.

## 3.0.

Stefnandi skýrir svo frá að hann hafi ráðist til starfa hjá Eintaki sf. 1. maí 1983 og starfað þar sem venjulegur launþegi til 15. ágúst 1984 að frátöldum júlí- og ágústmánuðum 1983. Vinna sín hafi falist í að sinna ýmsum daglegum störfum, sem innna hafi þurft af hendi í fyrirtækinu, sem var fjölritunarstofa. Síðari hluta árs 1984 hafi rekstur fyrirtækisins farið að ganga illa, og 10. júní 1985 hafi það fengið greiðslustöðvun, sem lokið hafi 10. september 1985.

Hinn 22. nóvember 1984 hafi Árni Margeirsson f.h. Eintaks sf. undirritað yfirlýsingu þess efnis, að fyrirtækið skuldaði stefnanda kr. 302.800,00 auk vaxta, og væri sú skuld til komin vegna vinnu stefnanda hjá fyrirtækinu frá maí 1983 til ágúst 1984. Með dómi bæjarþings Keflavíkur 5. júní 1985 hafi Árni Margeirsson persónulega og f.h. Eintaks sf. verið dæmdur til þess að greiða stefnanda fjárhæð þessa ásamt vöxtum. Í málinu hafi orðið útivist af hálfu Árna Margeirssonar.

Með gjaldprotaskiptabeiðni, dags. 24. september 1985, til sýslumanns Suður-Múlasýslu hafi stefnandi krafist þess, að bú Árna Margeirssonar persónulega og f.h. Eintaks sf. yrði tekið til skiptameðferðar sem gjaldþrota, og með úrskurði skiptaréttarins 12. nóvember 1985 hafi sú krafa verið tekin til greina. Með bréfi sýslumanns Suður-Múlasýslu 14. apríl 1986 til félagsmálaráðuneytisins hafi verið viðurkenndur forgangsréttur kröfu stefnanda í þrotabúinu. Með bréfi félagsmálaráðuneytisins til stefnanda 9. júní 1986 hafi ráðuneytið talið að krafa stefnanda félli utan ríkisábyrgðar, þar sem fram hafi komið að stefnanda hafi vel verið kunn slæm fjárhagsstaða Eintaks sf., sbr. c-lið 5. gr. laga nr. 23/1985. Greiðsluskyldu ríkissjóðs hafi því verið synjað.

Af hálfu stefnanda er því eindregið mótmælt, að honum hafi verið kunn slæm fjárhagsstaða Eintaks sf. á þeim tíma er hér skiptir máli. Stefnandi hafi ekki séð að neinu leyti um fjárreiður fyrirtækisins, þaðan af síður unnið við bókhald þess, og því er sérstaklega mótmælt af stefnanda að hann hafi haft í höndum ávísanahefti fyrirtækisins. Starfssvið stefnanda sem almenns launþega í fyrirtækinu hafi verið við tilfallandi verkefni hverju sinni, en ekki stjórn fyrirtækisins eða eftirlit með fjármálum þess. Synjun ráðuneytisins á ríkisábyrgð með þessum rökum sé því byggð á röngum forsendum. Þá bendir stefnandi á að hann hafi látið af stöfrum hjá fyrirtækinu í ágúst 1984, en gjaldþrot þess hafi ekki orðið fyrr en í nóvember 1985. Þegar af þessari ástæðu sé ljóst að stefnandi hafi ekki getað gert sér grein fyrir slæmri fjárhagsstöðu Eintaks sf.

Að því er varðar þau rök stefndu að stefnandi hafi gerst meðeigandi Árna Margeirssonar í fyrirtækinu, þá er þeirri fullyrðingu sérstaklega mótmælt. Rétt sé að stefnandi hafi ráðist til starfa hjá Eintaki sf. með það í huga að gerast meðeigandi, en af því hafi aldrei orðið, m.a. vegna þess að stefnandi hafi aldrei fengið að sjá reikninga fyrirtækisins og bókhald, þótt eftir því væri gengið. Hafi þetta leitt til þess að til samstarfs hafi aldrei stofnast milli stefnanda og Árna Margeirssonar um reksturinn. Engin sönnun liggir fyrir um það í málinu að slíkt samstarf hafi stofnast. Staðhæfingu sinni til stuðnings um þetta atriði bendir stefnandi á eftirtalin atriði: Í fyrsta lagi sé enginn skriflegur samningur þessu til sönnunar. Í öðru lagi hafi Árni Margeirsson lýst yfir með skriflegri yfirlýsingu, dags. 22. nóvember 1984, sbr. dskj. nr. 4, að krafa stefnanda sé launakrafa. Í þriðja lagi hafi bæjarþing Keflavíkur dæmt Árna Margeirsson til þess að greiða stefnanda þessa kröfu sem vinnulaunakröfu. Í fjórða lagi hafi skiptaréttur Suður-Múlasýslu viðurkennt kröfu stefnanda sem forgangskröfu.

Að því er fjárhæð kröfunnar varðar, byggir stefnandi á því, að ríkisábyrgð á launum taki til alls þess kostnaðar, sem launþegi verði fyrir vegna nauðsynlegra ráðstafana til þess að innheimta kröfu sína. Þar undir falli

þeir liðir, sem grein sé gerð fyrir í stefnu og krafist sé greiðslu á, þ.e. dæmdur málskostnaður, fjárnámsbeiðni, mót, dagpeningar og ferðakostnaður vegna fjárnáms, gjaldþrotaskiptabeiðni, kröfulýsing og skiptakostnaður. Launakrafa stefnanda sé kr. 302.800,00, en annar sá kostnaður, sem hér um ræðir, sé kr. 157.988,00. Útreikningur launakröfunnar byggir á yfirlýsingu Árna Margeirssonar frá 22. nóvember 1984. Í þeirri yfirlýsingu sé nákvæmlega til tekið, hver voru mánaðarlaun stefnanda þann tíma, er hann var við störf hjá Eintaki sf.

Af hálfu stefnanda er því loks haldið fram, að sú málsástæða stefndu, að stefnandi hafi gerst meðeigandi í Eintaki sf. og eigi af þeirri ástæðu ekki rétt til greiðslu kröfu sinnar úr ríkissjóði, komist ekki að þessu máli. Synjun félagsmálaráðuneytisins á greiðsluskyldu hafi ekki verið byggð á því atriði, heldur einvörðungu því, að stefnanda hafi mátt vera ljós slæm fjárhagsstaða fyrirtækisins. Af því leiði, að það atriði eitt geti komið til prófunar í þessu máli.

#### 4.0.

Stefndu styðja sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því að stefnandi hefði gerst meðeigandi Árna Margeirssonar í Eintaki sf. og sé því ekki launþegi í skilningi laga nr. 23/1985. Í öðru lagi er á því byggt, ef ekki teldist sannað að stefnandi hafi gerst meðeigandi í fyrirtækinu, að stefnandi hafi haft með höndum fjármálastjórn þess og þannig mátt vera kunn slæm fjárhagsstaða þess. Hvort atriðið um sig nægi til sýknu.

Fyrri staðhæfingu sína, þ.e. að stefnandi hafi gerst meðeigandi Árna Margeirssonar í Eintaki sf., styðja stefndu þeim rökum að óumdeilt sé í málinu að stefnandi hafi komið til starfa með því hugarfari og í því skyni að gerast meðeigandi Árna. Þetta hefur Árni Margeirsson borið fyrir skiptarétti Suður-Múlasýslu. Þá hafi bæði stefnandi og Árni Margeirsson staðfest þetta fyrir dómi í þessu máli. Þar að auki hafi Árni R. Árnason, sem annaðist bókhald Eintaks sf. á þessum tíma, borið fyrir dómi að í ágúst 1983 hafi þeir stefnandi og Árni Margeirsson komið á sinn fund og skýrt sér svo frá, að þeir hefðu gerst sameigendur að Eintaki sf., og beðið sig um að ganga frá nauðsynlegum skjölum í því sambandi. Af þeirri skjalagerð hafi þó ekki orðið af einhverjum ástæðum. Þennan framburð Árna R. Árnasonar hafi Árni Margeirsson staðfest hér fyrir dómi.

Ýmislegt, sem fram sé komið í máli þessu, bendi eindregið til þess, að stefnandi hafi gerst meðeigandi Árna Margeirssonar, enda þótt skriflegur samningur hafi ekki verið gerður um það efni þeirra í milli. Í fyrsta lagi megi benda á framburð Árna Margeirssonar og Árna R. Árnasonar fyrir dómi og framburð Árna Margeirssonar fyrir skiptarétti. Þá sé upplýst í málinu, að eftir að stefnandi kom að Eintaki sf., hafi hann stofnað í eigin

nafni tvo ávísanareikninga, annan í Útvegsbankanum í Keflavík, en hinn í Sparisjóði Keflavíkur. Og enda þótt reikningarnir hafi báðir verið á nafni stefnanda, hafi þeir eigi að siður verið notaðir í þágu Eintaks sf. og inn á reikningana hafi farið allar tekjur fyrirtækisins. Út af reikningunum hafi stefnandi greitt skuldir þær, sem á fyrirtækinu hvíldu. Stefnandi hafi lánað fyrirtækinu af eigin fé sínu, hann hafi gengið í ábyrgð um greiðslu skuldbindinga, sem á fyrirtækinu hvíldu, og hann hafi engin laun tekið þann tíma sem hann starfaði þar, að frá töldum óverulegum greiðslum, þ.e. kr. 35.400,00 árið 1984 og kr. 5.000,00 árið 1983. Með þeim hætti, sem hér var lýst, hagi almennur launamaður sér ekki.

Ef ekki verði fallist á það sjónarmið stefndu að stefnandi hafi gerst með-eigandi í fyrirtækinu, sé fullkomlega ljóst af því, sem að framan sé rakið, að stefnandi hafi haft með höndum fjármálastjórn fyrirtækisins og annast daglegan rekstur þess. Rekstur Eintaks sf. hafi jafnan gengið erfiðlega og þá einkanlega á árinu 1984. Þar sem stefnandi hafi haft undir höndum tékkhefti fyrirtækisins og stjórnað inn- og útgreiðslum af tékkareikningum þess, hafi honum ekki mátt dyljast að gjaldþrot fyrirtækisins væri yfirvofandi á þeim tíma sem hann vann fyrir launum sínum. Þó að gjaldþrotið hafi ekki borið að höndum formlega fyrr en í nóvember 1985, sé fram komið í málinu og óumdeilt að reksturinn hafi að mestu lagst niður um áramótin 1984/1985 vegna undanfarinna skakkafalla.

Ef greiðsluskylda stefndu teldist vera óbyggjandi andmæla stefndu fjárhæð kröfu stefnanda. Ljóst sé, eins og hér standi á, að stefnandi geti, ef greiðsluskylda verður talin réttmæt, eingöngu átt rétt til launa síðustu sex mánaði starfstímabils síns, þ.e. frá 15. mars til 15. ágúst 1984, en ekki fyrir lengra tímabil, sbr. a-lið 1. mgr. 4. gr. laga nr. 23/1985. Þá er og mótmælt þeirri fjárhæð sem stefnandi krefst fyrir hvern mánuð. Ekki sé fram komið í málinu, að samið hafi verið um þær fjárhæðir, sem stefnandi leggur til grundvallar. Þá er því og mótmælt, að kostnaður sá, er stefnandi telur sig hafa haft af innheimtu kröfu sinnar og greindur er í tölulíðum 3-9 í stefnu, njóti ríkisábyrgðar.

## 5.0.

### *Forsendur og niðurstaða.*

Krafa stefnanda, sú er um ræðir í máli þessu, hefur af skiptaráðandanum í Suður-Múlasýslu verið viðurkennd sem forgangskrafa í þrotabú Árna Margeirssonar og Eintaks sf.

Samkvæmt framburði Árna fyrir skiptarétti Suður-Múlasýslu, en endurrit framburðarins hefur verið lagt fram í þessu máli, og samkvæmt framburði stefnanda og vitna hér fyrir dómi er fram komið og óumdeilt að stefnandi réðst til starfa hjá Eintaki sf. á árinu 1983 í því skyni að gerast

meðeigandi Árna Margeirssonar í fyrirtækinu. Ágreiningur er hins vegar um það með málsaðilum hvort af slíku samstarfi hafi orðið.

Vitnið Árni R. Árnason, sem annaðist bókhald Eintaks sf. á þeim tíma, er hér skiptir máli, bar fyrir dómi að í ágúst 1983 hefðu þeir komið á sinn fund Árni Margeirsson og stefnandi og skýrt sér svo frá að þeir hefðu gerst meðeigendur að Eintaki sf. og beðið sig að ganga frá nauðsynlegum skjölum í því sambandi. Af þeirri skjalagerð hafi þó ekki orðið. Þennan framburð Árna R. Árnasonar hefur Árni Margeirsson staðfest og jafnframt borið, að stefnandi hafi gerst meðeigandi sinn í fyrirtækinu.

Upplýst er í málinu að stefnandi stofnaði á starfstíma sínum hjá Eintaki sf. á eigin nafni tvo tékkareikninga, annan í Sparisjóði Keflavíkur, en hinn í Verslunarbankanum í Keflavík. Enda þótt reikningarnir væru á nafni stefnanda, voru þeir notaðir í þágu Eintaks sf., og munu ástæður þess m.a. vera þær að lánastofnanir höfðu lokað fyrir tékkaviðskipti við fyrirtækið. Inn á reikningana runnu tekjur Eintaks sf. og út af þeim greiddi stefnandi hluta skuldbindinga þeirra er á fyrirtækinu hvíldu.

Stefnandi lagði af eigin fé sínu til rekstrar fyrirtækisins, og hann gerðist ábyrgðarmaður skuldbindinga er á því hvíldu. Samkvæmt framburði hans fyrir dómi og fram lögðum skattskýrslum fékk hann ekki greidd önnur laun hjá Eintaki sf. árið 1983 en kr. 5.000,00 og kr. 35.400,00 árið 1984 þrátt fyrir það að hafa „unnið dag og nótt“, eins og hann bar fyrir dómi.

Með hliðsjón af framburði vitna og fram komnum gögnum í málinu þykir sönnuð sú staðhæfing stefndu að stefnandi hafi orðið eignaraðili að Eintaki sf. með Árna Margeirssyni eigi síðar en í ágúst 1983 og hafi svo staðið í það minnsta þar til stefnandi hvarf frá fyrirtækinu í ágúst 1984.

Hvað sem liður yfirlýsingu Árna Margeirssonar frá 24. nóvember 1984 um kröfu stefnanda, verður samkvæmt því, sem að framan er rakið um afskipti stefnanda af rekstri Eintaks sf., eigi talið, að stefnandi hafi verið launþegi þess fyrirtækis í skilningi 2. mgr. 3. gr. laga nr. 23/1985, er hér eiga við. Þegar af þeirri ástæðu fellur krafa hans utan ríkisábyrgðar samkvæmt 1. gr. laganna og ber samkvæmt því að sýkna stefndu af kröfum stefnanda. Þá ber og að dæma stefnanda til þess að greiða stefndu málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 40.000,00.

Þorgeir Örlygsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

#### D ó m s o r ð:

Stefndu, félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, skulu sýknir af öllum kröfum stefnanda, Hafliða Sævarssonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefndu kr. 40.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.